

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Brúnir 1, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 21. mars 2024 breytingu á deiliskipulagi að Brúnum 1, L227590. Með breytingunni er verið að fjölga bílastæðum, hleðslustöðvum og byggingarreitur fer úr 650 m² í 700 m². Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deild, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 11. janúar 2024 nýtt deiliskipulag að Deild, L163999. Deiliskipulagið tekur til þriggja lóða þar sem heimilt verður að byggja 150 m² íbúðarhús, 100 m² gestahús og 75 m² skemmu eða gróðurhús. Hámarkshæð íbúðarhúss verður 6,0 m frá botnplötu en annarra húsa 4,0 m. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 4. júní 2024.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Þóra Björg Ragnarsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 5. júní 2024